

Nd.

189 Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á frv. með þeim breytingum á formi og efni, sem hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. 1. grein frv. orðist svo:

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður

2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðatærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

II. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Á eftir 3. málsgr. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir í 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans, ásamt einum atkvæðisbærum manni.

b. Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann.

c. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

III. 2. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.–5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur

konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur
utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Alþingi, 21. mars 1923.

Jón Þorláksson,
form.

Magnús Jónsson,
fundaskr.

Gunnar Sigurðsson,
framsm.

Björn Hallsson.

Magnús Guðmundsson.